

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1686  
komudagur 28.4.2005

Til menntamálanefndar Alþingis

### Umsögn Hollvina Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf.

Með þessu frumvarpi er staðfest að Ríkisútvarpið skuli hafa varanlegan sess sem menningarstofnun og almannaútvarp. Hollvinasamtökin fagna því að almennur skilningur á sérstöðu þess á fjölmiðlamarkaðnum sé með því kyrrilega staðfestur. Það er einnig ánægjulegt að í frumvarpinu er hnykkt á skyldunni gagnvart íslenskri tungu með því að halda fast við þýðingarskylduna á erlendu efni sem sent er viðstöðulaust.

Það má einnig telja það jákvætt að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Ríkisútvarpsins s/f (útvarpsráð) hafi ekki afskipti af dagskrá heldur annist fyrst og fremst yfirstjórn á rekstri félagsins og hafi það hlutverk að samþykkja fjárhagsáætlanir. Sú breyting að útvarpsstjóri skuli eiga að ráða starfsfólk án íhlutunar pólitískt kjörinna fulltrúa er mjög til bóta og til þess fallin að efla sjálfstæði stofnunarinnar.

Stjórn Hollvinasamtakanna finnst á hinn bóginn að ekki sé gengið nógu langt í því að losa Ríkisútvarpið undan hinu flokkspólitíska valdi. Stjórn Ríkisútvarpsins fær samkvæmt frumvarpinu vald til að ráða og reka útvarpsstjóra og ráðningartími hans er ekki skilgreindur. Það þýðir einfaldlega að hætta er á að útvarpsstjóri telji sér ekki fært að ganga þvert á vilja stjórnarinnar. Annar stór ókostur við frumvarpið er að samkvæmt því er langt frá því að stjórnin endurspegli valdahlutföllin á Alþingi þar sem ekki geta allir stjórnsmálaflokkanna átt fulltrúa þar. Ef þetta fer eftir teljum við það vera skref aftur á bak.

Í þeirri umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið, sem fylgir því, kemur fram að félagið verði „*losað undan ýmsum lögum og reglum sem gilda sérstaklega um ríkisrekstur, svo sem varðandi fjárreiður, upplýsingagiöf, starfsmannahald og lántökuheimildir.*“ Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins telja mikilvægt að eigandi Ríkisútvarpsins, þjóðin, eigi aðgang að öllum upplýsingum varðandi þau atriði sem þarna eru nefnd og öll stjórnsýsla sé gagnsæ. Hins vegar telja Hollvinasamtökin að nauðsynlegt sé að losa Ríkisútvarpið undan mörgum ákvæðum um starfsmannahald og launagreiðslur sem gilda um ríkisstofnanir, meðal annars til þess að unnt sé að bregðast við samkeppni um fólk og efni.

Að mati Hollvinasamtakanna er ekki kveðið nógu fast og skýrt að orði í frv. um menningarlega skyldu Ríkisútvarpsins sem útvarps/sjónvarps fyrir allan almenning. Meginhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera metnaðarfull innlend dagskrárgerð og að standa vörð um tunguna og menninguna. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil, það er þjónusta sem íslenska þjóðin vill og á rétt á.

#### Um einstakar greinar frumvarpsins:

**3. gr., um hlutverk og skyldur.** Í 3. tölulið segir að Ríkisútvarpið skuli senda út til alls landsins og næstu miða *a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá*. Þetta orðalag er að okkar mati varhugavert þar sem það gefur möguleika á að Rás 2 verði lögð niður. Hún hefur miklu hlutverki að gegna gagnvart fólki á landsbyggðinni þar sem einkastöðvarnar nást síður en þar sem þéttbýlla er, auk þess sem hún þjónar helst yngri kynslóðunum. Eins hefur hún grundvallarþýðingu fyrir íslenska tónlist, sem engin markaðsstöð getur eða vill rækja.

Í 11. tölulið greinarinnar segir að ein skyldna Ríkisútvarpsins sf. sé „*að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.*“ Ríkisútvarpið hefur þegar komið upp aðstöðu til dagskrárgerðar utan höfuðborgarsvæðisins, hvort tveggja fyrir útvarp og sjónvarp, og við fögnum því að fyrirhugað er að efla dagskrárgerð á landsbyggðinni. Það styrkir stöðu Ríkisútvarpsins sem miðil allra landsmanna.

**9. gr., um starfssvið stjórnarinnar.** Við teljum varhugavert það sem stendur í e-lið, þar sem segir að stjórnin megi *kaupa eða selja hluta í öðrum félögum [hefja] nýja starfsemi á vegum félagsins og leggja niður tiltekna starfsemi sem félagið hefur haft með höndum.* Þarna er enn veitt óbein heimild til breytinga eins og þeirrar að leggja niður eða selja Rás 2.

**11. grein, um tekjur Ríkisútvarpsins.** Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins fagna því að Ríkisútvarpinu skuli markaðir traustir tekjustofnar til frambúðar. Þó lýsa samtökin áhyggjum af því að nefskattur verði sist vinsælli en afnotagjöldin hafa verið.

Um **ákvæði til bráðabirgða, 1. 2. mgr.** Þar er mælt fyrir um að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð stofnfjár í Ríkisútvarpinu sf. Samkvæmt ákvæðinu getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram meira stofnfé en 5.000.000 (fimm milljónir) króna, kjósi hann það.

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hvetja menntamálaráðherra eindregið til að leggja fram hærri upphæð þar sem þessi stofnfjárupphæð er óeðlilega lág miðað við þá metnaðarfullu starfsemi sem Ríkisútvarpinu er ætlað að rækja. Hér gefst kjörið tækifæri til þess að lyfta Ríkisútvarpinu með grettistaki upp úr þeim pytti tómlætis, jafnvel fálætis, sem það hefur legið í um árabil, og möguleikar skapaðir á því að Ríkisútvarpið standi raunverulega undir nafninu „*útvarp allra landsmanna*“.

### **Akademísk stjórn Ríkisútvarpsins**

Ef Ríkisútvarpið á að vera lýðræðisleg stofnun verðum við að líta framhjá þrengstu skilgreiningu á fulltrúalýðræði og taka upp fyrirkomulag sem gæti leitt til enn almennari sáttar um það. Það verður að okkar mati best gert með því að fara í gagnstæða átt við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu og hafa æðstu stjórn stofnunarinnar enn breiðari en þar er gert ráð fyrir.

Víða í nágrannalöndum okkar er æðsta stjórn ríkisútvarps skipuð fulltrúum ýmissa fjölmennra hópa í þjóðfélaginu. Innan Hollvinasamtakanna hefur verið rædd sú hugmynd að æðsta stjórn Ríkisútvarpsins verði samkoma sem stundum er nefnd Akademía og reynt að þróa hana og meitla. Þar sætu fulltrúar þjóðarinnar, eigenda útvarpsins, þeirra sem nýta sér þjónustu þess. Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar um stærð Akademiunnar, allt frá tíu manns upp í 20–30. Þar eigi sæti fulltrúar ýmissa almennasamtaka, íþróttahreyfingar, verkalýðshreyfingar, stjórnmalaflokka, háskólasamfélagsins, blaðamanna, nýbúa og ekki sist starfsmanna Ríkisútvarpsins; það má hugsa sér að í þessu ráði verði jöfn skipting kynjanna og þar verði fulltrúar allra landshluta.

Hugmyndin er að þetta ráð komi saman tvisvar á ári og seta í því væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða, í það verði valið hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Meðal helstu verkefna þess verði að velja útvarpsstjóra, sem ætti að okkar mati að vera menningar- og fjölmiðlamaður, og fylgjast með því að hann og hans fólk ræki hlutverk sitt gagnvart þjóðinni og markmiðum Ríkisútvarpsins. Þá ætti hlutverk Akademiunnar að vera að standa vörð um fagleg sjónarmið og frelsi Ríkisútvarpsins gagnvart utanaðkomandi þrýstingi. Þetta þekkist víða annars staðar, líkist meðal annars því sem nefnt er *Board of Governants* hjá BBC.

En forsenda þess að slíkt ráð geti starfað er að skýrt sé kveðið á um það í lögnum hvaða þjónusta Ríkisútvarpið á að veita Íslendingum. Á grundvelli þessara ákvæða laganna ætti Akademían að taka þátt í að gera þjónustusamning þar sem þessi þjónusta væri skilgreind nánar, grundvallarlínur í dagskrárstefnu lagðar, og þjónustusamningurinn væri endumýjaður á fjögurra til fimm ára fresti.


Hugsa má sér að stjórn Ríkisútvarpsins verði kjörin af Akademiunni, eða hún tilnefni stjórnarmenn. En mikilvægt er að verði stjórnin pólitískt skipuð eigi þar sæti fulltrúar **allra** flokka á þingi. Stjórnin ætti þó, hvernig sem hún verður skipuð, eingöngu að hafa rekstarlegt hlutverk og skipta sér ekki af dagskrá. Akademían velur útvarpsstjóra (til fimm ára í senn) og hann hefur æðsta framkvæmdavald yfir Ríkisútvarpinu með fulltingi stjórnarinnar, ræður fjármálastjóra í


samráði við Akademiuna og er ábyrgur fyrir því að Ríkisútvarpið standi við stefnumótun Akademiunnar innan ramma laga og þjónustusamnings.


Stjórn Hollvinasamtakanna telur ekki ástæðu til þess að svo stöddu að taka afstöðu til þess ákvæðis í frumvarpinu sem snertir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Að lokum vill stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins láta þess getið að hún telur að bíða ætti með samþykkt lagafrumvarps þessa þangað til ný lög um sameignarfélög sjá dagsins ljós og skýrist hver áhrif þau munu hafa á Ríkisútvarpið. Þá telja Hollvinasamtökin eðlilegast að breytingar á lögum um Ríkisútvarpið séu gerðar með hliðsjón af og í tengslum við lagabreytingar sem nú er unnið að og snerta aðra ljósvakamiðla.

Stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins:

  
Margrét Svörriðóttir, form.


  
Valgeir Sigurðsson, varaform.


  
Anna Tryggvadóttir, ritari

  
Þór Magnússon

  
Hörður Áskelsson

  
Lárus Ymir Óskarsson

  
Ragnheiður Tryggvadóttir

  
Þorgrímur Gestsson